Norræn samsýning á Kjarvalsstöðum

Það munu nú liðin þrjú ár síðan undirbúningur hófst að stórri, norrænni myndlistarsýningu kvenna. Sýningu á málverkum og teikningum, en upphaflega er hugmynd að þessari sýningu komin frá tveim listakonum, þeim Marianne Agren og Bergljótu Ragnars, en sú fyrrnefnda á heima í Svíþjóð. Alls eiga tæplega 50 konur verk á þessari sýningu, sem er farandsýning, og byrjaði í Malmö Konsthall í Svíþjóð, fór þaðan til Finnlands, Noregs og nú til Íslands, en ferð sýningarinnar lýkur síðan í Danmörku.

Listakonurnar eru frá þessum löndum, en auk þess er þarna a.m.k. ein færeysk listakona, Frida Zachariassen, sem er látin vera dönsk.

Að mega ekki vera dauður

Nú hefur þessi sýning sem áður sagði áð á Íslandi, að Kjarvalsstöðum þar sem hún mun hanga næstu vikurnar. Tekur hún upp Vestursal hússins og eins er hengt á útvegg salarins, eða á ganginn.

Norræni menningarmálasjóðurinn veitti 100 þúsund danskar kr. til þessarar sýningar, er á að sýna málverk og teikningar eftir „núlifandi" listakonur.

Nánar er myndavalið nú ekki skilgreint, sem sé að listakonan má ekki vera dauð, og einhver sagði, að ekki hefði mátt senda grafík, sem hefur verið mikið í

Jónas Guðmundsson
MYNDLIST

ferðalögum undanfarið eða norræn- grafík og aðrar listgreinar á myndlistarsviði voru einnig útilokaðar að þessu sinni.

En til fróðleiks, þá eru myndir eftir sex listakonur frá Íslandi, en þær eru: Valgerður Bergsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Edda Jónsdóttir, Borghildur Óskarsdóttir, Bergljót Ragnars og Björg Þorsteinsdóttir, og þetta virðist nokkur breitt úrtak og ef gjöra má ráð fyrir svipuðu úrtaki á hinum Norðurlöndunum, ætti þessi sýning að sýna fleira en það hverjir eru ekki dauðir á Norðurlöndum.

Það er ekki auðvelt að segja til um það, hvort þetta sýningarform, eða kyngreina í norræna samsýningu, sé rétt aðferð. Listakonur eru líklega frjálsastar kvenna í samfélagi voru. Þetta er því ekki fangasýning að neinu leyti, en ef til vill sýnir þetta, eða glöggvar stöðu kvenna í málverki og teikningu þessara landa. En ef sýningin á að vera liður í svokallaðri jafnréttisbaráttu kvenna, er hún ekki sannfærandi. Mjög svipaðar hömlur eru lagðar á konur og á karla, er vilja vinna að listsköpun. Baráttan fyrir brauðinu kemur víðlíka niður á listinni hjá báðum kynjunum, og sömu þráhyggju verða bæði kynin að sýna, til þess að hasla sér völl og öruggan grundvöll í myndlist.

Og oft virðist manni að konunni vegni betur í því að helga sig listum, en karlmönnum, en það kann þó að vera á misskilningi byggt. Allavega verður ekkert um þessa sýningu sagt hér út frá sjónarhorni veika kynsins. Þetta eru aðeins myndir eftir 47 myndlistarmenn á Norðurlöndum.



Mynd eftir Valgerði Bergsdóttur (teikning) en Valgerður er ein þeirra íslensku kvenna, er þátt taka í norrænu sýningunni.

Myndirnar

Það sem vekur sérstaka athygli þeirra er sýninguna sjá, er það, að svokölluð abstraktlist virðist vera á töluverðu undanhaldi. Auðvitað eru abstraktmyndir á sýningunni, en flestar myndirnar eru af einhverju áþreifanlegu, eða sýnilegu.

Samt er fjölbreytnin ótrúlega mikil og má segja að sýningin spanni alla undirtóna nútíma myndlistar. Þó mun óhætt að fullyrða að myndir af fólki séu hvað algengastar. Ýmist kynjaverur, eða maðurinn í sínu daglega amstri. Þá er dálítið um landslag og jafnvel frammúrstefnu.

En fyrst og fremst er þetta skemmtileg og áhugaverð myndlistarsýning.

Það er vitanlega óhugsandi, að fara að geta um einstakar myndir, eða einstaka myndlistarmenn, þar sem 47 listamenn sýna saman, enda verður það ekki gert hér.

Vönduð sýningarskrá fylgir myndunum, og þar rita margir lærðir menn um eitt og annað, er sýninguna varðar.

Mér skilst að sýningin muni standa í 3—4 vikur, sem er ágætt. Tveggja helga reglan á myndlistarsýningum, er að verða býsna hvimleið og er nánast afarkostur. En myndlistarhús eru dýr og örðugt fyrir einstaklinga að leigja stærri sali í langan tíma, því slík útgerð, eða málverkasýningar, skila ekki alltaf miklum peningalegum arði, þá ekki síst á vorin þegar menn eru að fara af snjósleðum upp á hross sín, eða eru byrjaðir vorverk og orðnir þreyttir á menningu,innisetum og vetrarins hríðum.

Stjórn Kjarvalsstaða og starfslið hafa þó átt nokkuð góðan vetur, þótt allt sé undir meðalári í náttúrunnar hegðan.

En þessi sýning er líka sumarkoma og því ættu sem flestir að leggja þangað leið sína.

Sönglist að Kjarvalsstöðum

Anna Júlíana Sveinsdóttir og Lára Rafnsdóttir héldu tónleika á Kjarvalsstöðum hinn 2. apríl. Salarkynnin eru að því leyti skemmtileg, að þarna eru eintómir Kjarvalar á veggjum, málverk Grethe og Ragnars Ásgeirssonar. Hins vegar er hljómburður heldur leiðinlegur þarna, eins og fyrri daginn, auk þess sem hvín í þakinu ef hreyfir vind. En sé kveikt á loftræstikerfinu, ýlfrar það. Það er merkilegt með húsagerðarlist vora, að því meira, sem í hana er borið, þeim mun meiri sorgarbörn verða húsin, enda er nútíma húsagerðarlist einkum í því fólgin að storka náttúrulögmálunum, sérstaklega þyngdaraflinu. Sýningarsalir eiga ekki að vera fullir af belgingi, heldur hlutlausir og notagildir, en loftið á Kjarvalsstöðum þykist vera listaverk sjálft, og hrópar í sífellu: „sjáðu mig! sjáðu mig!", sem væri svosem tiltölulega meinlaust, ef þetta væri einungis á optiskan hátt gert, en þegar hvinurinn, ýlfrið og brestirnir bætast við, er of langt gengið. Svona lagað er þó ekki algert einsdæmi í heimi hér, eins og áður hefur verið frá skýrt í þáttum þessum, því fyrir fáeinum árum málaði Chagall leiktjöld við Töfraflautu Mózarts í Metrópólitan-operunni í New York þannig, að óperan var sem undirspil við leiktjöldin. Sem var rangt, því leiktjöld eiga að styðja óperuna, en ekki vaða yfir hana.

Hins er þó að gæta, að af einhverri ástæðu eiga Kjarvalsstaðir vaxandi vinsældum að fagna sem tónlistarsalur, eins og berlega kemur fram af reynslu síðustu daga og vel kann svo að fara að maður venjist þessu öllu saman. Að vísu sá ég einu sinni leikrit sem hét „Fólk er ekki tómatar", sem lagði út af þeirri frétt, sem birtist fyrir fáeinum árum, að bandarískum garðyrkjumanni hefði tekizt að rækta upp nýtt afbrigði af tómötum, sem væru teningslaga, og því auðveldir í pökkun. En sá böggull fylgdi skammrifi, að tómatar þessir voru vondir á bragðið og hýðið þykkt og leðurkennt, „en menn munu venjast því".

Eftir frásagnir dagblaða af söngnámskeiði Gerard Souzay, og dómi hans um Önnu Júlíönu, er ekki auðvelt að tala um hana eins og hverja aðra söngþíu, en Souzay hrósaði henni á hvert reipi. Anna Júlíana á það sammerkt með t.d. Ólöfu Kolbrúnu að hafa tvær raddir, eina á efri nótunum og aðra á hinum neðri. En raddirnar liggja þannig, að neðri og litlausa rödd Ólafar er tiltölulega sjaldan notuð, en hins vegar syngur Anna Júlíana mestmegnis á neðri nótunum — sú rödd er hvorki litlaus né hversdagsleg, öðru nær, en hins vegar mjög óvenjuleg. Það, að hafa tvær raddir, er auðvitað tæknilegur galli, sem þó kann ekki að vera mikið við að gera, en að hafa sérkennilega rödd kann að vera kostur, innan um allar venjulegu raddirnar: fagottið hefur t.d. sérkennilega rödd, og hver vildi missa það úr fjölskyldu tréblásturshljóðfæranna?

Konsert Önnu Júlíönu og Láru Rafnsdóttur byrjaði með Gluck (1714-1787), sem Anna flutti frábærlega vel — mér fannst sem hún flytti mér þessa tónlist, en væri ekki að gala í hinum endanum á salnum: Manúela Wiesler gerir þetta iðulega, og ég tel það vera hið hæsta form tónlistarflutnings. Næst lék Lára 3 lög eftir E. Grieg (1843-1907) — öll yfirlætislaus, svo sem væru þau valin þannig að þau yfirskyggðu ekki aríu Glucks með eldglæringum. Við sem kunnum ekki á píanó teljum jafnan, að það sé auðvelt að spila „róleg lög", en kunnugir segja mér, að það séu einmitt þau lög sem séu erfið — hitt sé bara fingraleikfimi.


Og svo söng Anna Júlíana Sveinsdóttir lagaflokk eftir Grieg, við texta H.C. Andersens og Henriks Ibsens. Í þessum flokki er m.a. Jeg elsker dig, sem Anna telur falla áheyrendum bezt í geð, því hún endurtók það í lokin — Skandinavar fengu stuttan frægðartíma um aldamótin, einkum Norðmenn, með sínum stóru skáldum og það er gaman fyrir okkur nútímamenn að lesa Bernard Shaw tala um Ibsen eins og „hinn stóra": núna lítur heimurinn á Skandinavíu sem lönd hinna brostnu drauma — misheppnaðan sósialisma, víti til varnaðar. Mér fannst stúlkurnar flytja þetta vel, og textinn með íslenzku framburði svo sem réttmætt er: sem minnir mig á það, að 1956 kom Friðrik IX hingað og Ásgeir Ásgeirsson forseti flutti ræður. Þá bar einhver í menntaskólanum sérlega illa fram og dönskukennarinn Bodil Sahn sagði: „svona má enginn bera fram nema forsetinn."

Eftir hlé flutti Lára Rafnsdóttir tvær píanó-útsetningar á gítarverkum eftir Albeniz (1860-1909). Lára er frá Ísafirði, eins og sívaxandi fjöldi tónlistarmanna vorra, og við tökum ofan fyrir því öllu saman. Hins vegar vil ég ekki vera að leggja neina sérstaka dóma á pianisma Láru á grundvelli þessara tónleika — þetta voru allt smáverk en vel af hendi leyst — en sem heild voru tónleikar þeirra stallsystra verulega ánægjulegir.

Loks fluttu þær spænska söngva eftir Granados (1867-1916): þarna hefur Anna Júlíana sérstætt forskot, því hún er að parti til alin upp í spænska heimi Mið-Ameríku, auk þess sem mér sýnist, að hún hafi „temperament" sem hæfi þessari sönglist. Lauslegar þýðingar á textunum fylgdu í söngskrá, og Anna Júlíana „lék" innihald þeirra. Eins og við er að búast snúast þeir allir um ástina og samskipti konu og karls — það eru bara Þjóðverjar og þeirra áhangendur sem hafa gert þetta samband óhlutlægt með hjali um rósir og landslag.

7.4. Sigurður Steinþórsson.

PÁSKATILBOÐ:
VERÐLÆKKUN Á VEGGSKÁPUM OG BORÐSTOFUSETTUM



BK Húsgögn og innréttingar
Suðurlandsbraut 18
Sími 86-900